



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**BA-ritgerð
í íslensku**

Áhrifavald meirihlutamálsins
Staða vestfirskra framburðartilbrigða og viðhorf til þeirra

Rebekka Rán Magnúsdóttir

Leiðbeinandi: Ásgrímur Angantýsson, prófessor
Október 2022

ÍSLENSKU- OG MENNINGARDEILD

Áhrifavald meirihlutamálsins

Staða vestfirskra framburðartilbrigða og viðhorf til þeirra

Rebekka Rán Magnúsdóttir
221099-2069

Lokaverkefni til BA-prófs í íslensku
Leiðbeinandi: Ásgrímur Angantýsson, prófessor

Íslensku- og menningardeild
Hugvísindasvið Háskóla Íslands
Október 2022

Áhrifavald meirihlutamálsins. Staða vestfirskra framburðartilbrigða og viðhorf til þeirra

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs við íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

© Rebekka Rán Magnúsdóttir, 2022

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Í þessari ritgerð er leitast við að gera grein fyrir vestfirskum framburðartilbrigðum, bæði hvað varðar stöðu þeirra og hvaða félagslegu þættir geta haft áhrif á tilbrigðin hjá málhöfum. Fjallað er um sögu mállýskurannsókna með áherslu á rannsókn Björns Guðfinnssonar á fimmta áratug síðustu aldar, Rannsókn á íslensku nútímamáli (RÍN) á níunda áratugnum og Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð (RAUN) um 2010. Í öllum þessum rannsóknum var lestraraðferð beitt. Auk sameiginlegs texta sem allir lásu voru notaðir mismunandi textar til þess að kalla fram mállýskueinkenni sem eru kennd við hvert svæði. Í þessari rannsókn eru 2 þátttakendur úr RÍN og 5 þátttakendur með búsetu á Vestfjörðum. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að vestfirski áherslan mælist einkum hjá þeim sem búa á Vestfjörðum en þó í frekar litlum mæli. Vestfirski einhljóðaframburðurinn var greindur eftir hljóðasambandi og samkvæmt þeim niðurstöðum kemur framburðurinn sterkast fram á sérhljóðunum /a/ og /ö/ á undan *-ng-* og *-nk-* hjá öllum þátttakendum. Hjá RÍN þátttakendunum mældist framburðurinn sterkari á /ö/ sem er í samræmi við fyrri þekkingu, þ.e. að einstaklingar virðist fremur viðhalda einhljóðaframburðinum á /ö/ frekar en /a/. Einnig kemur fram að RÍN-þátttakendurnir hafa dregið úr mállýskueinkennum frá því að þeir voru prófaðir á sínum tíma. Viðtölin benda til að þátttakendur hafi ekki dregið úr framburðinum meðvitað heldur hafi þetta gerst ómeðvitað. Þannig gefa niðurstöðurnar til kynna að vestfirsku tilbrigðin séu á áframhaldandi undanhaldi þar sem einstaklingar virðast ómeðvitað draga úr einkennunum og enginn þátttakandi mælist með hreinan vestfirskan einhljóðaframburð eða undantekningalaus vestfirska áherslu.

Abstract

In this thesis the aim is to report on the dialects of the Western Fjords regarding their status and the effect of sociolinguistic factors on the language. The history of dialect research in Iceland is addressed with a focus on the research of Björn Guðfinnsson in the fifth decade of the last century, *Rannsókn á íslensku nútímamáli (RÍN)* ‘Research on modern Icelandic’ in the ninth decade, and *Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð (RAUN)* ‘Real time change in Icelandic phonology and syntax’ around 2010. All of them used the so-called reading method. In addition to a general text that all participants were given to read aloud, different texts were administered to the participants in each dialect area. In this research, there were 2 participants from the RÍN project that have moved to the Reykjavík area, and 5 participants that reside in the Western fjords. The results show that one of the variables under investigation, the so-called Western stress, appears to mainly be in the language of those that live in the dialect area, and this dialect feature barely occurred in the language of the RÍN participants. The other local variable under investigation, i.e. the pronunciation of monophthongs (as opposed to diphthongs) before palatal and velar nasals, was analyzed by different phonological environments. According to those results the dialect feature appears the strongest relating to the vowels /a/ and /ö/ before *-ng-* and *-nk-* among all the participants. The Western monophthong pronunciation was measured stronger on /ö/ than /a/ in the RÍN participants which is in line with earlier results, that is that people seem to rather preserve the monophthongal in /ö/ rather than /a/. The data shows that the RÍN participants have reduced their use of these particular local dialect features from what they did in RÍN. In the follow-up interviews, both RÍN participants reported that they did not consciously decide to decrease their use of the local pronunciation. Thus, the results indicate that the local pronunciation variables in the Western Fjords appear to be on their way out since the RÍN participants use them to a lesser degree than earlier and none of the participants have exceptionless Western monophthongal pronunciation or Western stress.

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| 1. Inngangur..... | 7 |
| 2. Framburðartilbrigði | 10 |
| 2.1 Spurningin um íslenskar mállýskur | 10 |
| 2.2 Mállýskurannsóknir á Íslandi | 11 |
| 2.3 Vestfirsk framburðartilbrigði..... | 14 |
| 2.3.1 Vestfirskur einhljóðaframburður | 15 |
| 2.3.2 Vestfirsk áhersla | 16 |
| 3. Málbreytingar og eðli þeirra | 16 |
| 3.1 Málbreyting | 16 |
| 3.2 Tegundir málbreytinga | 18 |
| 3.3 Orsakir málbreytinga | 19 |
| 4. Rannsókn á vestfirskum framburðartilbrigðum..... | 21 |
| 4.1 Inngangur..... | 21 |
| 4.2 Þátttakendur | 22 |
| 4.3 Framkvæmd | 23 |
| 4.4 Úrvinnsla | 23 |
| 4.5 Niðurstöður..... | 24 |
| 4.5.1. Upplestur | 24 |
| 4.5.2 Viðtöl..... | 26 |
| 4.6 Umræður..... | 27 |
| 5. Samantekt og lokaorð | 29 |
| Þakkir..... | 32 |
| Heimildaskrá..... | 33 |
| Viðauki I: Textar til upplestrar | 36 |
| Viðauki II: Viðtalsrammi..... | 38 |

Töfluskra

| | |
|---|----|
| Tafla 1. Niðurstöður úr upplestri | 24 |
| Tafla 2. Niðurstöður fyrir vestfirskan einhljóðaframburð eftir hljóðasambandi | 25 |

1. Inngangur

Mállýska kemur fram í breytileika á málfari sem finna má á milli m.a. landshluta, stétta og þjóðfélagshópa. Mállýskumunur getur komið fram í mismunandi þáttum málsins, t.a.m. framburði máhljóða og orðaforða. Helsta viðfangsefni mállýskurannsókna á Íslandi eru staðbundin framburðarabrigði, einkum hvað varðar stöðu þeirra innan svæða sem þau eru kennd við. Í því sambandi er aðallega um að ræða rannsókn Björns Guðfinnssonar á fimmta áratugnum, Rannsókn á íslensku nútímamáli (RÍN) á níunda áratugnum og Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð (RAUN) um 2010. Björn Guðfinnsson kannaði framburð 6250 12 ára barna með lestraraðferð og skráði niðurstöður hverrar fyriragnar á framburðarspjald. Í RÍN voru margir af þeim einstaklingum prófaðir aftur en ásamt því voru fleiri aldurshópar kannaðir, þar á meðal sambærilegur aldurshópur og Björn Guðfinnsson hafði prófað á sínum tíma. Í RÍN voru notaðar fjölbreytilegri aðferðir en hjá Birni og í RAUN voru að mestu leyti sömu aðferðum beitt. RÍN og RAUN skilgreinast sem hóprannsókn og/eða stefnurannsókn og ná þær að draga fram samtímalega mynd af stöðu framburðartilbrigða í íslensku og hvernig þau hafa tekið breytingum síðustu áratugi, þ.e. ná að bera vitni um málbreytingar í rauntíma (Höskuldur Þráinsson, Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal, 2013).

Á Vestfjörðum eru yfirleitt talin vera tvö staðbundin framburðartilbrigði. Annars vegar er vestfirskur einhljóðaframburður. Hann felst í einhljóði á undan uppgómunarklösunum *-ng/-nk-* í staðinn fyrir tvíhljóð líkt og er í meirihlutaframburði. Þessi einhljóðun varðar einkum klasanna *-eng/-enk-*, *-ang/-ank-* og *-öng/-önk-*. Hins vegar er vestfirsk áhersla. Hún felst í því að áhersla er á forsetningunni í sambandinu atviksorð + forsetning + fornafn í staðinn fyrir á atviksorðinu eins og er í meirihlutaframburði. Einhljóðaframburðurinn er á undanhaldi og áherslan mælist lítil (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 2001).

Það að dregið hefur úr vestfirskum framburðartilbrigðum er dæmi um málbreytingu. Málbreyting sem slík getur verið af ýmsu tagi en m.a. er fjallað um málbreytingu í rauntíma, málbreytingu í sýndartíma, aldursbindingu og ævibreytingu (Höskuldur Þráinsson, 2011). Miðað við fyrrnefndar niðurstöður þá er tilfelli vestfirsku framburðartilbrigðanna bæði málbreyting í rauntíma og ævibreyting. Þetta er vegna þess að bæði hefur dregið úr tilbrigðunum með nýrri kynslóðum en einnig hefur dregið úr þeim

meðal málhafa sem höfðu mælst hærrí í fyrri rannsókn. Bæði er hægt að leita til félagslegra og málfræðilegra skýringa hvað þetta varðar. Þó eru félagslegar skýringar taldar líklegri sökum þess að tvíhljóð á undan uppgómunarklósunum er nýjung en ekki einföldun. Því eru málfræðilegir þættir taldir ólíklegri til þess að valda frekari útbreiðslu á þessari nýjung. Þegar kannaðar eru félagslegar skýringar á málbreytingu er yfirleitt vísað til þátta á borð við áhrif frá öðrum tungumálum eða mállýskum, viðhorf málhafa til tilbrigðis eða hegðun málhafa í samskiptum. Þessir þættir komi jafnan fram í mállegri aðlögun. Hún fer einkum fram ef málhafi er meðvitaður um það sem greinir mál hans frá máli annarra. Mismunandi þættir geta ýtt undir þessa meðvitund en þeir eru t.d. samfall hljóðana eða minni mismunur á hljóðönum og ósamræmi milli talmáls og ritmáls. Flámæli er dæmi um þar sem báðir þessir þættir eiga við. Það hefur að öllum líkindum ýtt undir þá fordæmingu sem gerði það að verkum að flámælt fólk lagaði framburð sinn að „réttmæli“ eins og það var kallað. Í öðrum tilfellum er skýringin bakvið málbreytinguna ekki eins greinileg en slíkt á við um vestfirskan einhljóðaframburð (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 1992; Kristján Árnason, 2005).

Í þessari ritgerð er staða vestfirskra framburðartilbrigða könnuð með sjö þáttakendum. Annars vegar, tveir fyrrum þátttakendur RÍN sem höfðu mælst með vestfirsk missterk framburðareinkenni á sínum tíma og síðar flutt suður. Hins vegar, fimm einstaklingar sem búa á Vestfjörðum. Þetta er aðallega gert með lestraraðferðinni en auk þess voru tekin viðtöl við RÍN-þátttakendurna. Í þeim var m.a. spurt út í viðhorf viðkomandi málhafa til eigin framburðar, reynslu af framburðinum og hvort það hafi verið meðvitað eða ómeðvitað hjá honum að viðhalda eða draga úr framburðinum. Með þessari rannsókn verður leitast við að svara eftirfarandi spurningum: Hvernig koma vestfirsk framburðartilbrigði fram í máli þeirra sem hafa áður mælst með framburðinn eða búa á Vestfjörðum? Hver er skýringin á því að RÍN þátttakendur hafa dregið úr eða viðhaldið framburði sínum?

Efnisskipan er á þessa leið: Í öðrum kafla er fjallað um skilgreininguna á hugtakinu mállýska og því velt upp hvort mállýskur séu í raun til á Íslandi. Ásamt því er saga íslenskra rannsókna á þessu sviði rakin og fjallað um vestfirsku framburðartilbrigðin og stöðu þeirra í fyrri rannsóknum. Í þriðja kafla er fjallað um hugtakið málbreyting og farið yfir helstu tegundir málbreytinga og mögulegar skýringar á þeim. Í fjórða kafla er fjallað um aðferðafræði og niðurstöður rannsóknar höfundar á stöðu vestfirskis

einhljóðaframburðar og vestfirskrar áherslu og leitast við að svara rannsóknarspurningum. Að lokum verða helstu niðurstöður dregnar saman og settar fram í fimmta kafla.

2. Framburðartilbrigði

2.1 Spurningin um íslenskar mállýskur

Í hverju tungumáli má finna breytileika. Hann getur verið mismikill og háður ýmsum þáttum sem vikið verður nánar að í kafla 3.1. Þessi breytileiki í málfari er nefndur mállýskumunur, þannig telst málfar sem bundið er tilteknu svæði, þjóðfélagshóp eða stétt vera mállýska (Kristján Árnason, 2005). Sem dæmi má nefna þá má gera ráð fyrir að munur sé á enskum talsmáta hjá málhafa sem er búsettur sunnarlega í Bandaríkjunum og málhafa sem búsettur er norðar. Mállýsku má finna með því að gera grein fyrir breytileikanum á máli eða málfari innan tungumálsins. Hún eru því ekki bundin tilteknum þáttum málsins heldur getur hún komið fram á mismunandi hátt. Mállýskumunur getur komið fram í sambandi við orðaforða og merkingu orða, framburð máhljóða, beygingu orða og setningagerð. Á Íslandi hafa rannsóknir á breytileika í framburði verið í brennidepli hvað mállýskur varðar (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 2001).

Mállýskur tungumála eru á eins konar rófi í sambandi við hversu mikinn mun má finna á milli mállýskusvæða tungumálsins. Í sumum tungumálum getur verið mikill breytileiki sem kemur greinilega fram á milli landshluta, svæða eða mismunandi hópa málhafa, jafnvel nógu mikill breytileiki þannig að fólk sem tilheyrir einu mállýskusvæði, eða hóp, er torskiljanlegt í samskiptum við aðra utan þess. Aftur á móti geta þær einnig verið í litlum mæli þannig að breytileiki í máli er ekki eins áberandi utanaðkomandi einstaklingum og málhafar skilja hvern annan vel (Björn Guðfinnsson, 1946). Í þessu samhengi er vert að ræða íslensku. Þegar hún er sett í samhengi annarra mála þá gætir vart mállýskumunar milli landshluta. Sem tungumál er hún í raun fremur einsleit (Kristján Árnason, 2005). Því hefur á tíðum verið dregið í efa að mállýskur séu til í íslensku. Ástæðan fyrir því er bæði þjóðernisleg og söguleg. Íslensk tunga er talin vera landfræðileg heild sem hefur ekki tekið verulegum breytingum frá bókmenntum fyrri alda. Þrátt fyrir að Íslendingar geti enn í dag lesið bókmenntir frá fyrri tíð þá má finna breytileika milli landshluta, t.d. í framburði og merkingu orða. Íslendingar átta sig jafnvel á helstu framburðartilbrigðum sem finna má um landið, t.d. muninum á harðmæli á Norðurlandi og línsmæli á Suðurlandi, og hafa fjallað um breytileika í framburði eftir landshlutum. Sem dæmi um þessa vitneskju má líta til eftirfarandi textarbrotis úr stafsetningarkverri sem lýsandi er fyrir vestfirskan einhljóðaframburð: „Það er strangur gangur fyrir hann svanga Manga að bera þang í fangi fram á langa tanga“. Hvað sem líður skilgreiningum á

mállýskum er ljóst að á Íslandi eru til staðbundin framburðartilbrigði (Dahlstedt og Bjarni Guðnason, 1958).

2.2 Mállýskurannsóknir á Íslandi

Í íslenskum mállýskurannsóknum eru yfirleitt könnuð þau staðbundnu framburðartilbrigði sem finna má hér á landi, líkt og hefur komið fram. Þó hafa einnig verið gerðar rannsóknir á staðbundnum mun hvað tónfall varðar. Dæmi um rannsóknir á því sviði eru rannsóknir Dehé (2009), Dehé, Braun og Wochner (2018) og Kristjáns Árnasonar (1994-1995).

Framburðartilbrigði hafa lengi verið rannsökuð á Íslandi og menn hafa skrásett tilbrigði í framburði einstakra orða eftir landshlutum. Þar af má nefna athuganir Marius Hægstad frá 1910 og Jakobs Jóh. Smára og Halldórs Hermannssonar frá 1917. Fyrsta skipulagða yfirlitsritið á íslenskum mállýskum birtist í grein Jóns Ófeigssonar í íslensku-dönsku orðabók Sigfúsar Blöndal árið 1920-1924. Að baki greinarinnar liggur mikil gagnasöfnun en aðferðafræði Jóns Ófeigssonar er enn óþekkt. Þó markar grein hans upphaf skipulegra íslenskra mállýskurannsókna (Dahlstedt og Bjarni Guðnason, 1958; Guðvarður Már Gunnlaugsson, 1987). Sú fyrsta var rannsókn Stefáns Einarssonar á mállýskum á Austfjörðum árið 1930. Hann ferðaðist um Fljótsdalshérað og Austfirði og spurði þar heimamenn um framburð þeirra. Megináhersla rannsóknar Stefáns var að gera grein fyrir mállýskumörkum raddaðs framburðar. Rannsóknir Stefáns voru undanfari frekari rannsókna en næsta stóra mállýskurannsókn var framkvæmd af Birni Guðfinnssyni á fimmta áratug tuttugustu aldar. (Kristján Árnason, 2005; Stefán Einarsson, 1932).

Mállýskurannsókn Björns Guðfinnssonar (Björn Guðfinnsson, 1946; 1964) hafði áhrif á rannsóknir á hljóð- og hljóðkerfisfræði á Íslandi, og jafnvel erlendis. Rannsóknin er mikilvæg heimild um framburð íslenskra málhafa um miðja öldina og er grundvöllur frekari rannsókna á því viðfangsefni. Niðurstöður rannsóknar Björns á íslenskum börnum á aldrinum 12 ára voru birtar í *Mállýzkur I og II*. Ástæðan fyrir því að Björn fór af stað með rannsókn sína var fyrst og fremst málfegrun. Tilgangur hennar samkvæmt honum sjálfum var að athuga breytileika í framburði, útbreiðslu og mörk mállýskna og kanna þróun þeirra. Þó má telja að meginatilgangur rannsóknarinnar hafi verið að koma fram með ákveðinn málstaðal talmálsins fyrir útvarp og kennslu barna í skólum landsins, enda

hafði Björn fengið styrk fyrir slíkri könnun og vinnu. Í kjölfar rannsóknarinnar kom hann fram með tillögur að samræmingu framburðar þar sem hann valdi úr lifandi mállýskum (Björn Guðfinnsson, 1946; Björn Guðfinnsson, 1964; Kristján Árnason, 2005; Kristján Árnason og Höskuldur Þráinsson, 2003).

Björn Guðfinnsson náði til um 10.000 íslenskra málhafa í rannsóknum sínum. Þá prófaði hann með einni af eftirtöldum aðferðum: lestraraðferð, samtalsaðferð, ritunaraðferð og spurnaraðferð. Sökum heilsubrests náði hann ekki að ljúka við fyrirhugaða rannsókn en skildi eftir sig gögn sem hann hafði þegar aflað með lestraraðferðinni (Björn Guðfinnsson, 1946; Indriði Gíslason, 1981). Með lestraraðferðinni hljóðkannaði Björn 6250 börn á aldrinum 12 ára, um 90% allra íslenskra barna á þessum aldri. Lestraraðferð er fólgin í því að þátttakendur, börn í þessu tilviki, eru fengnir til þess að lesa upp texta. Textarnir sem Björn notaði í rannsókn sinni voru samdir í þeim tilgangi að draga fram þau mállýskueinkenni sem kanna átti í hverri sýslu, því notaðist hann við mismunandi texta eftir landshlutum í samræmi við niðurstöður forkönnunar sinnar. Björn gerði sér grein fyrir að aðferðinni fylgdu gallar, þ.á.m. að hún væri fyrirhafnarmikil, kostnaðarsöm og að henni fylgdi sú áhætta að þátttakendur áttuðu sig á hvað verið væri að rannsaka og breyttu framburði sínum þess vegna. Samtímis upplestri skráði Börn hvort framburður hefði komið fram á þartilgerðum framburðarspjöldum en þau voru með mismunandi hljóðtáknnum eftir því hvaða svæði var kannað að hverju sinni. Með framburðarspjöldin til hliðsjónar flokkaði hann þátttakendur eftir því hvort þeir voru með hreinan, blandaðan eða engan framburð. Þessi flokkun grundvallaðist aðeins á einni hlustun vegna þess að á þessum tíma var enginn aðgangur að upptökutækjum. Þetta dregur úr áreiðanleika niðurstaðnanna og er ein af takmörkunum rannsóknar Björns. Þó breytir það ekki vægi hennar fyrir þekkingu á íslensku máli á tuttugustu öld (Björn Guðfinnsson, 1946; Dahlstedt og Bjarni Guðnason, 1958; Kristján Árnason og Höskuldur Þráinsson, 2003). Í framhaldi af rannsókn Björns Guðfinnssonar hafa verið gerðar tvær rannsóknir.

Sú fyrri er rannsókn Höskuldur Þráinssonar og Kristjáns Árnasonar á útbreiðslu mállýskna á níunda áratugnum. Hún ber heitið Rannsókn á íslensku nútímamáli, eða RÍN. Markmið RÍN var að kanna mál Íslendinga á níunda áratugnum, bera gögnin saman við niðurstöður Björns Guðfinnssonar og vinna með tilgátur um hvernig tungumál taki breytingum. Vegna þess að þeir vildu bera niðurstöður sínar saman við fyrri niðurstöður

Björns var rannsóknin endurtekin á fyrrum þátttakendum hans ásamt því sem kannaður var nýr hópur málhafa á sambærilegum aldri og Björn hafði rannsakað. Í þeim tilgangi að hafa samanburðinn einfaldan voru svipaðar aðferðir notaðar við efnissöfnun þessarar rannsóknar og Björns. Aftur á móti, til þess að draga úr takmörkunum þess að nota eingöngu lestraraðferðina, var notast við fjölbreyttari aðferðir en ásamt því náði rannsóknin til fleiri aldurshópa og stétta. Í heildina voru um 2900 þátttakendur með tiltölulega jafnt kynjahlutfall og þeim var skipt í 5 aldurshópa: 20 ára og yngri, 21-45 ára, 46-55 ára, 56-70 ára og 71 árs og eldri (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 1986; Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 1992; Kristján Árnason, 2005; Kristján Árnason og Höskuldur Þráinsson, 2003).

Í RÍN var hluti af markmiðinu að bera gögnin saman við niðurstöður Björns Guðfinnssonar og því var lestraraðferðin notuð. Allir textarnir voru á frásagnarformi. Einn almennur texti var alltaf lesinn upp en svo voru sértækari textar sem reyndu á ýmiss framburðaratriði sem áttu að einkenna hvert svæði. Til þess að bæta upp fyrir galla lestraraðferðarinnar var stuðist við tvær aðferðir til viðbótar. Annars vegar var tekið upp óformlegt samtali til þess að draga úr líkum þess að þátttakendur myndu átta sig á viðfangsefni rannsóknarinnar. Hins vegar var notast við myndamöppu. Myndir voru valdar fyrir möppur í samræmi við mállyskur sem teljast vera einkennandi fyrir hvert svæði. Ásamt því var bætt við almennum myndum til þess að leyna viðfangsefni rannsóknarinnar. Með lestraraðferðinni, óformlegu samtali og myndamöppunum leituðust Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason við að draga upp raunsanna mynd af framburði íslenskra málhafa á níunda áratugnum (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 1986; 1992; Kristján Árnason og Höskuldur Þráinsson, 2003).

Niðurstöðurnar í RÍN voru settar fram í sömu flokkum og hjá Birni Guðfinnssyni, þ.e. flokkað var þátttakendur eftir því hvort framburður væri enginn, blandaður eða hreinn. Hverjum þátttakanda var gefin einkunn fyrir þau orð sem mállyskueinkenni koma fram í. Annaðhvort fékk hann 1 fyrir að mállyskueinkenni kom ekki fram eða 2 fyrir að mállyskueinkenni kom fram. Dæmi um þetta er að ef einstaklingur á Vestfjörðum hefur tvíhljóðaframburð á undan /ng/, t.d. í orðinu *langur*, þá fengi hann einkunnina 1 fyrir það orð. Ef einhljóðaframburðurinn kæmi svo fram í næsta orði fengi hann einkunnina 2 fyrir það orð. Til þess að umbreyta heildareinkunn í flokka var stuðst við talnabil. Þau talnabil sem talin voru vera í besta samræmi við flokkun Björns voru eftirfarandi: Enginn

framburður 100-125, blandaður framburður 126-175 og hreinn framburður 176-200. Með þessari framsetningu á niðurstöðum var hægt að bera þær saman við niðurstöður Björns en einnig voru mælingar nákvæmari og betri mynd fékkst af framburði hvers og eins með því að bera niðurstöður saman innan flokkanna. Dæmi um þetta er ef að tveir einstaklingar eru með blandaðan framburð þá er sá sem mælist 170 með meiri framburð en sá sem mælist 130 (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 1986).

Næst og í beinu framhaldi af RÍN var farið af stað með rannsóknina Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð, RAUN árið 2010. Bæði var hún framhaldsrannsókn af RÍN og af rannsókninni Tilbrigði í setningagerð (Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson, 2015; Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson, Einar Freyr Sigurðsson, Sigrún Steingrímsdóttir og Þórhallur Eypórsson, 2013; Margrét Lára Höskuldsdóttir, 2013). Markmið hljóðkerfislega hluta RAUN var að vinna enn frekar úr gögnum Björns Guðfinnssonar til þess að skapa skýrari mynd af þróun staðbundinna mállýskna á árunum 1940-2012. Þetta náðist fram með því að hafa aftur samband við þátttakendur Björns og þátttakendur RÍN. Einnig var markmið rannsóknarinnar að kanna hvernig mál einstaklinga hafði tekið breytingum með tímanum, einkum hvort málið hafi breyst meira hjá þeim þátttakendum í rannsókn Björns sem fluttu á höfuðborgarsvæðið en þeirra sem héldu búsetu sinni (Margrét Lára Höskuldsdóttir, 2013).

2.3 Vestfirsk framburðartilbrigði

Á Vestfjörðum eru tvö þekkt framburðartilbrigði: vestfirskur einhljóðaframburður og vestfirsk áhersla. Í rannsóknnum á 20. öld er vestfirskur einhljóðaframburður greinilegri. Ein möguleg skýring á því er að áherslan kemur fram í samfelldu máli þannig að það er ekki víst að hún skili sér í upplestri eða við annars konar formlegar aðstæður í málrannsókn. Mállýskurnar hafa það þó sameiginlegt að kjarnasvæði þeirra er á Vestfjörðum og þær eru báðar á undanhaldi með fylgni við aldur þar sem eldri kynslóðir hafa vestfirsku framburðareinkennin frekar en þær nýrri (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 2001; Kristján Árnason, 2005).

2.3.1 Vestfirskur einhljóðaframburður

Vestfirskur einhljóðaframburður lýsir sér þannig að sérhljóð eru borin fram sem einhljóð á undan uppgómunarsamhljóðaklösum *-nk-* og *-ng-* þar sem flestir aðrir málhafar bera fram tvíhljóð. Tilbrigðið er algengast í sambandinu *-ang/-ank-* en einnig kemur það fyrir í samböndunum *-eng/-enk-* og *-öng/-önk-*. Þannig má gera ráð fyrir að einhljóðunin komi fram í orðum á borð við *enginn*, *langur* og *göng*. Tíðni einhljóðaframburðarins er háð því hvaða sérhljóð kemur á undan samhljóðaklasanum, t.a.m. kom sambandið *-eng/-enk-* minna fram en hin sérhljóðin í rannsókn Björns Guðfinnssonar (Kristján Árnason, 2005). Önnur sérhljóð virðast ekki taka tvíhljóðun á undan klasanum hjá málhöfum almennt. Aftur á móti virðist annað gilda um /i/ + *-ng/-nk-*. Í meirihlutaframburði er nálæga hljóðið [i] á undan uppmæltu samhljóðaklasanum en á Vestfjörðum er það stundum borið fram sem [ɪ], hann er sjaldgæfari en einhljóðaframburður hinna sérhljóðanna. Þessi framburður er dreifðari um landið en hefðbundni einhljóðaframburðurinn. Hann er þó kenndur við Vestfirði, t.d. gerir Jón Ófeigsson ráð fyrir þessu sem hluta af vestfirskum einhljóðaframburði en Björn Guðfinnsson fann hann utan Vestfjarða (Björn Guðfinnsson, 1964; Kristján Árnason, 2005).

Frá tíma rannsóknar Björns Guðfinnssonar á fimmta áratugnum hefur vestfirskur einhljóðaframburður verið á hröðu undanhaldi, sérstaklega í máli nýrri kynslóða. Að framburðinum væri á undanhaldi vegna framsóknar tvíhljóðaframburðarins var orðið ljóst í niðurstöðum Björns, en hann taldi að einhljóðaframburðurinn myndi hverfa hratt með tímanum ef ekki yrði gripið inn í. Á tíma Björns var mest um hann í Norður-Ísafjarðarsýslu og talsvert um hann í Strandarsýslu en aðalsvæði framburðarins taldi hann vera frá Vestur-Barðastrandarsýslu til Norður-Ísafjarðarsýslu. Samkvæmt niðurstöðum hans var lítið um einhljóðaframburð í sambandinu *-eng/-enk-* utan aðalsvæðis framburðarins og innan svæðisins var meira um framburðinn í samböndum með /a/ en /ö/. Í RÍN fjórtíu árum eftir rannsókn Björns Guðfinnssonar var lítið um hann á Snæfellsnesi og Dalasýslu. Ásamt því var einhljóðun /e/ takmörkuð og því var tilbrigðið mest áberandi í orðum með /ö/ eða /a/ (Björn Guðfinnsson, 1964, 1981; Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 2001; Kristján Árnason, 2005).

2.3.2 Vestfirsk áhersla

Vestfirsk áhersla kemur fram í orðasamböndum af gerðinni atviksorð + forsetning + fornafn. Í meirihlutaframburði er aðaláherslan á atviksorðinu, t.d. *'framan í mig*. Í vestfiskri áherslu er áherslan á forsetningunni, t.d. *framan 'í mig*. Í meirihlutamálinu fær þetta samband eina áherslu þannig að líta má á sambandið sem eitt fleirkvætt áhersluorð sem samanstendur af samsettri forsetningu með atviksorði og forsetningu og veiku fornafni. Vestfirsk áherslan slítur fleirkvæða áhersluorðið í sundur með því að hafa áhersluna á forsetningunni sem tekur með sér fornafn (Kristján Árnason, 2005). Ásamt því hefur framburðurinn áhrif á lengd sérhljóða vegna þess að áherslunni fylgir langt sérhljóð, þetta má sjá í hljóðritun á sambandinu *framan í mig*. Í meirihlutaframburði er orðasambandið hljóðritað sem [*'fra:manimɪ*] en með vestfiskri áherslu er það hljóðritað sem [*framan'i:mɪ*] (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 2001).

Vegna eðli áherslunnar kemur hún einkum fyrir í samfelldu máli (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 2001). Á tíma RÍN var tilbrigðið á hröðu undanhaldi þar sem tölurnar voru lágar um Vestfirði, hún virðist þó helst koma fram í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Áherslan kemur sterkust fram í máli elsta aldurshópsins (Kristján Árnason, 2005).

3. Málbreytingar og eðli þeirra

3.1 Málbreyting

Það getur verið margt sem veldur mállýskumun, eða ósamræmi á tungumáli milli landshluta. Ástæður fyrir þessum mun sem hafa verið nefndar eru t.d. landfræðilegar hindarnir og áhrif frá öðrum tungumálum eða mállýskum. Líkt og nefnt var í kafla 2.1 er þó minni mállýskumunur en reikna mætti með á Íslandi miðað við náttúrulegar aðstæður. Oft hefur verið sagt að þetta sé lítið land þar sem menn þekkja eða kannast við marga sem þeir hitta á mannamótum í sínu hversdags lífi. Ástæður þess að finna megi minni mállýskumun hér en erlendis geta verið af mörgum toga en meðal þeirra eru að samskipti manna á milli mállýskusvæða eru mikil, eintyngi, flutningar og hreintungustefnan (Björn Guðfinnsson, 1946; Helgi Guðmundsson, 1977). Á tíma Björns Guðfinnssonar var mállýskumunurinn meiri en nú á dögum og virðast mállýskurnar sem tilheyra ekki

meirihlutamálinu allar vera á undanhaldi að mismiklu leyti. Þannig standa þær missterkar á sínum afmörkuðu svæðum og málið hefur því tekið breytingum að einhverju leyti innan þessara svæða (Guðvarður Már Gunnlaugsson, 1984).

Hægt er að skilgreina málbreytingu á mismunandi hátt eftir því hvort leitað er til málsögufræðinnar, formgerðarstefnunnar eða málkunnáttufræðinnar. Sökum þess að í þessari ritgerð er verið að kanna hvernig einstök framburðartilbrigði koma fram í máli málhafa verður hér gengið út frá skilgreiningu málkunnáttufræðinnar. Samkvæmt henni felst málbreyting í því að breyting verði á málinu í huga málnotenda, þ.e. breyting verður á málkunnáttu hvers og eins. Málkerfið býr því í huga hvers málhafa og er bundin hverjum málhafa, með öðrum orðum þá er hún einstaklingsbundin. Því er málbreytingin sjálf einstaklingsbundin þróun, en hún felst í því að einingar innan málkerfis hvers og eins verða til, taka breytingum eða hverfa. Oft er fjallað um að málið taki fyrst og fremst breytingum með nýjum kynslóðum þannig að málbreyting felst í því sem greinir málkunnáttu barns frá málkunnáttu uppalenda. Málkunnáttan getur einnig tekið breytingum á lífsleið málhafa, þó það viðfangsefni sé ekki í brennidepli í málkunnáttufræðum (Margrét Guðmundsdóttir, 2008). Dæmi um breytingu á lífsleið málhafa má t.d. sjá í rannsókn Sankoff og Blondeau á framburði /r/ í frönsku í Montreal (2007) og rannsókn Lilju Bjarkar Stefánsdóttur og Antons Karls Ingasonar á máli Steingríms J. Sigfússonar í sambandi við stílfærslur (2018).

Breytingar á máli þurfa ekki að vera greinilegar, þær geta einnig verið í minna mæli þannig greina megí lítinn mun á málkunnáttu t.d. fyrri kynslóðar. Þá er um að ræða smábreytingar. Smábreytingar eru ekki stórar breytingar líkt og málbreytingar. Þær teljast frekar sem einhvers konar breytingar á málkunnáttu málhafa eða jafnvel breytingar á fyrri málbreytingu. Þegar smábreyting gerist í viðbót við aðra smábreytingu er um að ræða smástíga málþróun. Slík þróun er ekki á sama stigi og málbreyting sem krefst frekari skýringa. Heldur er hún frekar eitthvað sem er eðlilegt í þróun málsins hvort sem það er á lífsleiðinni eða á ferð málsins milli kynslóða. Hvorki smábreyting né smástíg málþróun felst í því að eitthvað hverfi eða verði til í málinu. Heldur sé frekar hægt að greina þetta sem breytingu sem veldur því að sum málfarsleg atriði sækja á eða hörfa á hverjum tíma, t.d. að ákveðin setningagerð sé notuð minna (Margrét Guðmundsdóttir, 2008).

3.2 Tegundir málbreytinga

Hvernig sem málbreyting er skilgreind þá getur hún komið fram á mismunandi hátt. Nú þegar hefur verið rætt um hvernig málbreyting getur átt sér stað á milli kynslóða og felst í mismun á málkunnáttu barnsins og málkunnáttu uppalanda. Einnig var lítillega minnst á að málið geti tekið breytingum á lífsleið málhafa. Þetta eru þó bara tvö dæmi um það hvernig málið getur tekið breytingum. Í umfjöllun um málþróun má finna fimm hugtök sem lýsa stöðu málþróunarinnar en þau eru eftirfarandi: stöðugleiki í máli, málbreyting í rauntíma, aldursbinding, ævibreyting og málbreyting í sýndartíma. Yfirleitt má gera greinarmun á þessum fyrirbærum í málþróun með því að vísa til þess hvort þau séu fólgin í því að stöðugleiki sé til staðar eða ekki meðal einstaklinga eða í málsamfélagi í heild sinni. Þó eru tvær undantekningar frá þessu, í tilfellum ævibreytingar og málbreytingar í rauntíma. Bæði þessi fyrirbæri í málþróun lýsa breytingu meðal einstaklinga og í málsamfélagi. Það að málbreyting lýsi bæði breytingu meðal einstaklinga og í málsamfélaginu felst í því að málbreyting verkar á málsamfélagið í heild sinni, þvert á allar kynslóðir (Höskuldur Þráinsson, 2011; Sankoff, 2005).

Rannsókn á málbreytingu í rauntíma felst í því að mál sömu eða sambærilegra málhafa er kannað tvisvar eða oftár þannig að sjá megi breytingu á málinu þvert á kynslóðir málhafa í niðurstöðum. Hægt er að kanna málbreytingu í rauntíma með hóprannsókn eða stefnurannsókn. Munurinn á þessu fer eftir því hvort kannaður er sami hópur málhafa eða sambærilegir hópar. Fyrri tilfellið er hóprannsókn og seinna stefnurannsókn. Samkvæmt þessum skilgreiningum rannsaka RÍN og RAUN málbreytingu í rauntíma. RÍN er því hóp- og stefnurannsókn en RAUN hóprannsókn (Höskuldur Þráinsson, Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal, 2013). Þær sýna því hvernig íslenskt talmál hefur tekið breytingum á þrennan hátt. Í fyrsta lagi hvernig málið hefur tekið breytingum síðustu áratugi. Í öðru lagi hvernig málið hefur tekið breytingum með nýrri kynslóðum. Í þriðja lagi hvernig málið hefur tekið breytingu á lífsleið málhafa. Þriðja tegund breytingar sem RÍN og RAUN lýsa er ævibreyting. Hún er fólgin í því að einstaklingur breyti máli sínu á lífsleiðinni og að þessi breyting berist til komandi kynslóða. Hvort þróun máls á lífsleiðinni sé stöðug eða ekki er háð því hvaða hluta málkunnáttunnar er að ræða. Sem dæmi má nefna að orðaforðinn er mögulega óstöðugasti hluti málkunnáttunnar yfir

lífsleið málhafa þar sem málhafar tileinka sér aukinn orðaforða yfir ævina en á hinn bóginn hefur hljóðkerfið sterka tilhneigingu til að haldast fremur stöðugt. Hljóðkerfi getur þó tekið breytingum að einhverju leyti á lífsleiðinni (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 1986; Sankoff, 2005).

3.3 Orsakir málbreytinga

Málbreytingar geta gert það að verkum að atriði í málinu hverfa eða verða til. Því eru þær þess eðlis að þörf er á að finna skýringar á þeim, hver orsök þeirra er. Í sambandi við skýringar á málbreytingum er yfirleitt gengið út frá málfræðilegu eða félagsfræðilegu sjónarhorni. Málfræðilegu útskýringarnar varða einkum einföldun á hljóðkerfi og hljóðkerfisreglum, t.d. samföll í sérhljóðakerfinu frá fornu máli. Íslenskar rannsóknir hafa gjarnan sótt til slíkra skýringa þar sem oft er gert grein fyrir málbreytingum út frá sögulegu sjónarhorni, t.d. að tímasetja upphaf breytinga og gera útbreiðslu þeirra skil. Þær félagslegu þarf að kanna samtímalega til þess að rannsakandi hafi tök á því að gera grein fyrir þeim félagslegu breytum sem hafa áhrif á málið (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 1992; Labov, 1963; Margrét Guðmundsdóttir, 2008).

Í félagsmálvísindum er viðhorfið gjarnan þannig að ekki er hægt að kanna málbreytingu eða þróun máls án þess að kanna félagslega umhverfið sem málið lifir í. Þá félagslegu þætti sem finna má í samfélaginu hvort sem það er félagsleg staða eða hvers kyns málnotkun er virt að hverju sinni hefur áhrif á málið í samtímanum en ekki frá tilteknum tímapunkti í fortíðinni, t.d. getur einn framburður verið valinn fram yfir annan vegna virðingarstöðu innan samfélagsins. Þannig er málið ekki sjálfstætt heldur eru ýmsir félagslegir þættir sem verka á það (Labov, 1963). Í þessu samhengi hafa mismunandi mál verið könnuð erlendis með tilliti til þjóðfélagshópa, t.d. af Labov (1990) og Eckert (1989). Niðurstöður þeirra beggja hafa meðal annars sýnt að kyn getur haft áhrif á málið en að það séu yfirleitt samverkandi áhrif með öðrum félagslegum breytum, t.d. samfélagslegri stöðu. Því sé ekki raunhæft eða réttmætt að ætla að kanna kyn án þess að gera ráð fyrir félagslegu samhengi, þannig má ætla að kyn hafi haft öðruvísi áhrif á málið á síðustu öld en í dag. Enda hefur staða kvenna í samfélaginu t.d. tekið miklum breytingum (Eckert, 1989; Labov, 1990). Labov hefur einnig sýnt hvernig málnotkun getur verið breytileg eftir því hvaða stöðu viðkomandi hefur í samfélaginu. Sem dæmi má nefna rannsókn hans á mismunandi framburði á /r/ í verslunum í New York (1966/2006). Á Íslandi eru þó

rannsóknir á máli í sambandi við kyn og stétt á frumstigi en rannsóknir í tengslum við aldur hafa verið í brennidepli (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 2001).

Þjóðfélagshópar og breytingar innan þeirra geta því haft áhrif á málbreytingar eða framburðarbreytingar. Einnig má ætla að samfélagsbreytingar hafi einhvers konar afleiðingar fyrir málið. Í íslensku málsamfélagi hafa t.a.m. snjalltækjabyltingin og alþjóðavæðingin haft töluverð áhrif á íslenskt málumhverfi og, ásamt öðrum samfélagsbreytingum, leitt til þess að enskunotkun hefur aukist mikið. Áhrif þessarar aukningar eru líklegust til að koma fram í máli yngri málhafa þar sem þau koma fram á máltökuskeiði þeirra, á þeim tíma sem þau eru móttækilegust fyrir því að tileinka sér mál. Afleiðingar áhrifa aukinnar enskunotkunar eru könnuð í öndvegisverkefninu Greining á málfarslegum afleiðingum stafræns málsambýlis (2018). Stjórnendur verkefnisins eru Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson en þau fengu öndvegisstyrk fyrir því frá Rannsóknarsjóði Íslands árið 2016. Markmið þeirra var m.a. að kanna áhrif snjalltækja og stafrænna miðla á orðaforða, málkunnáttu og málnotkun komandi kynslóða ásamt áhrifum þeirra á stöðu og framtíð íslenskrar tungu. Niðurstöður verkefnisins er mögulega hægt að yfirfæra á önnur tungumál sem eru í svipuðu málsambýli og íslenska, þá aðallega varðandi hver áhrif málsambýlisins geta verið á málkunnáttu og málnotkun (Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson, 2018).

Í félagsmálvísindum er einkum fjallað um þrjár breytur í tengslum við málbreytingar: áhrif frá öðrum mállýskum eða tungumálum, viðhorf málhafa til málsins og hegðun í samskiptum. Þessir þættir geta gjarnan komið fram í gegnum mállega aðlögun. Hún lýsir sér þannig að þegar málhafar með mismunandi framburð eiga í samskiptum geta þeir meðvitað eða ómeðvitað lagað mál sitt að máli viðmælanda. Eigi aðlögunin sér stað endurtekið fer hún að hafa áhrif og jafnvel breyta máli viðkomandi. Þetta skýrir til að mynda af hverju meirihlutamálið er gjarnt á að ná yfirhöndinni á málsvæði tungumáls, t.d. á Íslandi eru staðbundin framburðartilbrigði á undanhaldi að mismiklu leyti vegna sóknar meirihlutatilbrigðanna. Málhafar eru líklegri en annars til þess að laga framburð að máli annars ef að þeir er meðvitaðir um framburðaratriðið. Ef svo er þá er mögulegt að framburðurinn sé ekki í samræmi við ritmálið, óskýrleiki eða samfall hljóðana og mikill hljóðfræðilegur munur á framburði. Þetta getur gert það að verkum að framburðurinn verði auðkenndur eða jafnvel brennimerktur (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 1992).

Dæmi um tilvik af framburði sem var brennimerktur er flámæli. Félagsmálvísindalega skýringin fyrir því að flámæli varð brennimerkt er að bæði féllu hljóðön saman og talmálið var ekki í samræmi við ritmálið. Í því samhengi áttu börn sem voru flámælt í erfiðleikum við að læra skrifa en það hefur eflaust verið hluti af kveikjunni að því að kenna „réttan framburð“ (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 1992). Björn Guðfinnsson var einn þeirra sem kenndi hvernig ætti að kenna börnum að tala rétt, eða „réttmæli“ eins og það var nefnt. Á hans tíma var herjað hvað mest gegn flámæli og dró verulega úr því eftir þá aðför. Litið var á framburðinn sem eins konar sjúkdóm í hljóðkerfinu og um hann notuð alls kyns gildishlaðin orð falin neikvæðri merkingu, líkt og hljóðvilla, nesjamál og hljóðsýki. Flámæli var fordæmt í ríkum mæli, bæði af almenningi og yfirvöldum menntamála, sem gerði það að verkum að málhafar með framburðinn reyndu að draga úr honum og greina á milli hljóðana sem þeir höfðu áður ekki gert (Kristján Árnason, 2005). Á þennan hátt lýsti fólk upplifun sinni af því að vera flámælt í útvarpsþætti Bergljótar Baldursdóttur og Ásgríms Angantýssonar (2012).

Reynst getur erfiðara að finna félagsmálvísindalegar skýringar á viðhorfum til annarra framburðartilbrigða sem eru á undanhaldi. Til að mynda hafa málhafar með vestfirskan einhljóðaframburð lýst þeim neikvæðu athugasemdum sem þeir fengu fyrir framburð sinn þegar þeir fluttust í annan landshluta til þess að t.d. sækja nám. Aðallega virtist einhljóðaframburður á *-ang/-ank-* sambönd vekja athygli frekar en þau með */ö/*. Þar af leiðandi viðhélt fólk einhljóðaframburði í *-öng/-önk-* samböndum frekar. Þetta dæmi sýnir hvernig meðvitund getur verið lykilþáttur í þróun mállýskna (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 1992).

4. Rannsókn á vestfirskum framburðartilbrigðum

4.1 Inngangur

Fræðilegur bakgrunnur þessarrar rannsóknar hefur verið settur fram í köflum 2 og 3. Markmið rannsóknarinnar er að kanna stöðu vestfirsks einhljóðaframburðar og vestfirskrar áherslu ásamt þróun þeirra hjá þátttakendum í RÍN. Þetta var kannað með 7 þátttakendum. Af þeim voru fimm sem búa á Vestfjörðum og tveir sem búa fyrir sunnan. Þeir sem eru búsettir fyrir sunnan voru þátttakendur í RÍN á sínum tíma og mældust með blandaðan vestfirskan framburð. Með þessum hópi þátttakenda er staða

framburðartilbrigðanna athuguð á kjarnasvæði tilbrigðanna og hjá þeim sem hafa flutt frá Vestfjörðum til höfuðborgarsvæðisins.

Könnunin fór fram á tvennan hátt. Annars vegar voru tvö viðtöl við RÍN-þátttakendur sem hafa flutt suður. Hins vegar var eitt viðtal við heimamenn sem höfundi hafði verið bent á að hefðu þessi tilbrigði í einhverjum mæli. Það viðtal var hið sama og í fyrra viðtali við RÍN þátttakendur. Í því viðtali var staða vestfirsku framburðartilbrigðanna könnuð með lestraraðferðinni líkt og hefur verið gert í fyrri rannsóknum, þ.e. RAUN, RÍN og hjá Birni Guðfinnssyni. Þó hún hafi m.a. þann galla að hætta sé á að þátttakandi átti sig hvað verið sé að rannsaka og mál hans verði óeðlilegt þá gerir hún rannsakanda kleift að bera þátttakendur saman þeirra á milli hvað framburðinn varðar, þ.e. hægt er að mæla framburðinn til samanburðar og til þess að athuga stöðu hans almennt. Með niðurstöðum úr þessu viðtali verður svarað fyrri rannsóknarspurningunni en hún var: Hvernig koma vestfirsk framburðartilbrigði fram í máli þeirra sem áður hafa mælst með framburðinn eða búa á Vestfjörðum? Síðari spurningunni verður svarað með niðurstöðum seinna viðtalsins en hún var eftirfarandi: Hver er skýringin á því að RÍN-þátttakendur hafa dregið úr eða viðhaldið framburði sínum?

Í seinna viðtalinu við RÍN-þátttakendur voru þeir spurðir út í hver viðhorf þeirra eru til eigin framburðar og hvort þeir hafi dregið úr eða viðhaldið framburði sínum meðvitað eða ómeðvitað (Rut Guðnadóttir, 2021). Slíkar niðurstöður geta varpað ljósi á þær félagslegu breytur hafa áhrif á mál viðkomandi. Til dæmis kom í ljós í RÍN að einstaklingar með vestfirskan einhljóðaframburð hafa fengið athugasemdir um framburðinn sinn sem leiddi til þess að þeir bældu hann niður. Aftur á móti getur líka verið að ákveðið stolt sé til staðar. Það geta margir mismunandi þættir spilað inn í þróun framburðarins, þ.e. hvort málfafi viðhaldi eða dragi úr framburðareinkennum meðvitað eða ómeðvitað (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, 1992).

4.2 Þátttakendur

Í rannsókninni voru sjö þátttakendur á aldrinum 53-79, þar af þrjár konur og fjórir karlar. Kynjahlutfallið var því nokkuð jafnt. Annars vegar var um að ræða tvo þátttakendur sem tóku þátt í RÍN og hafa flutt suður. Reynt var að ná til þátttakenda sem höfðu mælst háir á þeim tíma. Hins vegar voru fimm þátttakendur sem eru búsettir á Vestfjörðum.

Höfundur miðaði við að finna þátttakendur búsetta á Vestfjörðum sem sennilega væru með framburðartilbrigðin og var bent á þessa fimm einstaklinga.

4.3 Framkvæmd

Framkvæmd rannsóknarinnar var mismunandi eftir því hvaða þátttakendur var um að ræða. Í tilviki þátttakenda sem áður tóku þátt í RÍN var rannsóknin framkvæmd á tveimur fundum í fjarfundaforritinu *Microsoft Teams* og þeir fundir teknir upp með leyfi allra. Fyrri fundurinn var framkvæmdur á svipaðan hátt og fyrir þá þátttakendur sem búa á Vestfjörðum. Það sem greinir framkvæmdina þó að er að ekki var notast við fjarfundabúnað í tilfelli þeirra þátttakenda sem búsettir eru á Vestfjörðum. Í því tilfelli var aðeins haldinn einn fundur og hann tekinn upp með leyfi allra viðstaddra.

Á fyrsta fundi allra þátttakenda voru bakgrunnsupplýsingar þátttakenda skráðar. Að því loknu voru þeir beðnir um að lesa upp tvo stutta texta. Þessir textar voru upprunalega notaðir í RÍN en notast var við uppfærðar útgáfur textanna úr RAUN. Annars vegar var notast við textann *Bjarni blaðasali* en hann er almennt notaður við athuganir á íslenskum framburðartilbrigðum. Hins vegar var notast við textann *Moli litli* en hann er saminn fyrir athuganir á vestfirskum framburðartilbrigðum (Viðauki I: Textar til upplestrar).

Á seinni fundinum með fyrrum þátttakendum RÍN var áhersla lögð á að athuga viðhorf þeirra til eigin framburðar. Stuðst var við viðtalsramma sem Ásgrímur Angantýsson þróaði út frá rannsóknarverkefni sínu “Viðhorf og hljóðkerfislegar breytingar í rauntíma“ sem styrkt er af Rannsóknasjóði Háskóla Íslands (Viðauki II: Viðtalsrammi). Fyrri hluti spurninganna miðaðist við að fá álit þátttakenda um sinn eigin framburð, t.a.m. hvort þeir hafi velt honum fyrir sér á yngri árum og hvort þeir teldu hann hafa tekið breytingum á lífsleiðinni. Seinni hluti viðtalsins tók mið af niðurstöðum úr upplestri fyrri fundar. Þar af leiðandi voru spurningar mismunandi eftir því hvort þátttakandi hafi viðhaldið framburði sínum eða ekki (Viðauki II: Viðtalsrammi).

4.4 Úrvinnsla

Gögn þessarar rannsóknar eru aðgengileg á upptökum, annaðhvort frá fjarfundaforritinu *Microsoft Teams* eða í hljóðupptöku. Rannsakandi merkti hjá sér orðin í textunum *Bjarni blaðasali* og *Moli litli* sem kalla fram mállýskueinkenni vestfirska

einhljóðaframburðarins og áherslunnar. Við hlustun gaf rannsakandi einkunnina 1 fyrir engan framburð og 2 fyrir framburð. Talnabilum voru gefin gildi líkt og í RÍN: 100-125 enginn framburður, 126-175 blandaður framburður og 176-200 hreinn framburður. Með þetta til viðmiðunar voru þátttakendur flokkaðir eftir því hvaða heildartölu þeir fengu á upplestrinum sínum. Á seinni fundinum voru þátttakendur spurðir um viðhorf til eigin framburðar ásamt spurningum í tengslum við stöðu framburðar þeirra. Þetta viðtal var afritað og svör borin saman til þess að athuga hvort sjá mætti einhvers konar mynstur hjá þeim sem höfðu flutt suður.

4.5 Niðurstöður

4.5.1. Upplestur

Niðurstöður fyrri hluta rannsóknarinnar eru settar fram í töflu 1. Þar eru þátttakendurnir í RÍN með sín upphaflegu þátttakandanúmer (NÍ84 og NÍ88) og þátttakendur búsettir á Vestfjörðum með númer frá 1-5 með skammstöfuninni VF. Ekki verður farið út í frekari tölfræðiúrvinnslu af því að þátttakendur eru fáir og því yrði ekki réttmætt að álykta út frá þeim niðurstöðum.

Tafla 1. Niðurstöður úr upplestri

| Þátttakandanúmer | Vetfirskur einhljóðaframburður | Vestfirsk áhersla | Vestfirsk framburðareinkenni |
|------------------|-----------------------------------|-------------------|---------------------------------|
| NÍ84 | Enginn | Enginn | Enginn |
| NÍ88 | Enginn | Enginn | Enginn |
| VF01 | Blandaður | Blandaður | Blandaður |
| VF02 | Blandaður | Blandaður | Blandaður |
| VF03 | Blandaður | Enginn | Blandaður |
| VF04 | Blandaður | Blandaður | Blandaður |
| VF05 | Blandaður | Enginn | Blandaður |

Vestfirska áherslan mældist eingöngu í máli þeirra þátttakenda sem eru búsettir á Vestfjörðum. Þar kom hún fram að mismiklu leyti en hún mældist þó eingöngu sem blandaður framburður eða enginn. Mikilvægt er þó að hafa í huga hér, líkt og rætt var í

kafla 2.3.2., að það getur reynst erfitt að nálgast þennan framburð. Það er vegna þess að hann kemur einkum fram í samfelldu máli og getur því vel verið að aðrir þátttakendur sem voru prófaðir með lestraraðferðinni hér gætu mælst með meira af þeim framburði í frjálsum tali. Það að hann mælist lágur hjá þátttakendum er engu að síður í samræmi við niðurstöður fyrri rannsókna sem sýna hann í takmörkuðum mæli og á miklu undanhaldi.

Í vestfirskum einhljóðaframburði getur verið tíðnimunur á hljóðasamböndunum, t.a.m. var minna um hljóðasambönd með /e/ en /a/ og /ö/ í niðurstöðum Björns Guðfinnssonar (1964). Reynslan við úrvinnslu var einmitt sú að mikill tíðnimunur kom fram á hljóðasamböndunum. Niðurstöður fyrir hvert hljóðasamband í einhljóðaframburðinum eru því settar upp í töflu 2 en þar má sjá niðurstöður í sömu flokkum og í töflu 1 fyrir hvert hljóðasamband hjá þátttakendum. Þetta er gert í þeim tilgangi að sjá hvaða hljóðasamband kemur sterkast eða veikast út úr könnuninni, t.d. hvaða samband hækkar eða lækkar viðkomandi þátttakanda.

Tafla 2. Niðurstöður fyrir vestfirskan einhljóðaframburð eftir hljóðasambandi

| | <i>-ang/-ank-</i> | <i>-öng/-önk-</i> | <i>-eng/-enk-</i> | <i>-ing/-ink-</i> |
|----------|-------------------|-------------------|-------------------|-------------------|
| NÍ84 | Enginn | Blandaður | Enginn | Enginn |
| NÍ88 | Blandaður | Blandaður | Enginn | Enginn |
| VF01 | Hreinn | Blandaður | Enginn | Enginn |
| VF02 | Hreinn | Hreinn | Enginn | Enginn |
| VF03 | Hreinn | Hreinn | Enginn | Enginn |
| VF04 | Hreinn | Hreinn | Enginn | Enginn |
| VF05 | Hreinn | Blandaður | Enginn | Enginn |
| Meðaltal | Hreinn | Blandaður | Enginn | Enginn |

Í töflu 2 má sjá niðurstöðurnar fyrir einhljóðaframburðinn greindar eftir því hvaða sérhljóð fer á undan uppgómunarklösunum *-ng-* og *-nk-*. Greinilegt er að framburðurinn kemur minnst fram í sérhljóðunum /e/ og /i/ en niðurstöður Björns Guðfinnssonar sýna einmitt /e/ í minni mæli en hin sérhljóðin og /i/ kemur sjaldnar fram í einhljóðaframburðinum en hin hljóðin. /i/ og /e/ hafa því lækkað heildartölu einhljóðaframburðarins í niðurstöðum þessarar rannsóknar. Líkt og gera mátti ráð fyrir miðað við fyrri niðurstöður að bæði myndi /ö/ frekar haldast sem einhljóð í máli þeirra

sem hafa flust suður og að algengast sé að framburðurinn komi fram í hljóðunum /a/ og /ö/. Þau koma einmitt sterkast fram í niðurstöðunum.

Í heildina litið má sjá að framburðartilbrigðin eru á undanhaldi vegna þess að hvorki einhljóðaframburðurinn né áherslan mælist sem hreinn framburður hjá þátttakendum. Þó sýnir tafla 2 að einhljóðaframburðurinn finnst frekar í vissum hljóðasamböndum. Niðurstöður frá þátttakendum í RÍN sýna þetta einmitt. Báðir mældust þeir með blandaðan framburð þegar /ö/ kom á undan hljóðasambandinu en annar mældist með engan framburð þegar /a/ fór á undan.

4.5.2 Viðtöl

Í seinni viðtölum við RÍN-þátttakendurna kom fram sú sameiginlega reynsla að dregið hefur úr vestfirsku tilbrigðunum í máli þeirra ómeðvitað. Tilbrigðin voru ekki mikið til umræðu á æskuárum þeirra sem þeir vörðu á Vestfjörðum. Þeir hafi aðallega tekið eftir framburðinum í máli eldri ættingja eða í dag þegar þeir heyra þjóðþekkt einstaklinga eða vestfirska fréttamenn tala. NÍ88 sagði: „Maður veit alveg að þegar maður heyrir fólk sem talar svona þá ímyndar maður sér að það hafi lagt áherslu á að halda þessu“. Hér má greina að staða framburðartilbrigðanna er ekki talin vera sterk af viðkomandi, líklega vegna þess að framburðurinn var einkum ræddur í skólanum og hann er ekki mikið var við framburðinn í sínu hversdagslífi. Báðir einstaklingar hafa flutt til höfuðborgarsvæðisins þar sem meirihlutamálið er allsráðandi. Hvorugur þátttakandi taldi sig breyta máli sínu þegar þeir fara aftur á heimaslóðir. Því hljóta þeir að hafa lagað framburð sinn að einhverju leyti að meirihlutamálinu.

Þátttakendur hafa ekki neikvæða upplifun af framburðinum þar sem þeir hafa ekki fengið athugasemdir um framburðinn sinn í vinarhóp eða á vinnustaðnum. Í þessum hluta viðtalsins sagði NÍ84: „Nei aldrei varðandi framburð, stundum vegna orðnotkunar.“ Hvað framburð varðar virðist reynsla þátttakenda vera fremur hlutlaus. Þeir hafi ekki fengið neikvæða upplifun af framburðinum og því hefur aðlögun máls þeirra að meirihlutamálinu verið ómeðvituð, þar sem ekkert ýtti sérstaklega undir hana. NÍ88 minntist á að honum finnist skemmtilegt að sumir nái að viðhalda framburðinum hvort sem það er meðvitað eða ekki. Þetta finnist honum vegna þess að gaman sé að heyra hann

í sögulegu tilliti. Sá sami hafði einmitt velt fyrir sér málinu og var eftirfarandi skoðunar um eigin málþróun:

Mér fannst skipta máli að mitt mál þróaðist bara eðlilega. Ég var ekki að reyna viðhalda því. Ég tók alveg eftir því þegar ég heyrði það annars staðar. [...] ég tek líka eftir þegar ég les bækur Halldórs Laxness. Hann skrifar hérumbil gegn því. Þannig ég tók eftir því, mér fannst erfitt að lesa það

Í heildina má því gera ráð fyrir að þátttakendur hafi velt máli sínu fyrir sér að mismiklu leyti og eru mismunandi skoðunar um eigið mál. Annar taldi sig hafa haft framburðinn en hinn ekki. Líklega er ástæðan fyrir því sú að sá síðari mældist með minni framburð á sínum tíma í RÍN. Báðir þátttakendur sögðust ekki hafa gripið inn í til þess að draga úr eða viðhalda framburði sínum og því hafi hann þróast ómeðvitað.

4.6 Umræður

Í inngangskafli voru settar fram tvær rannsóknarspurningar. Annars vegar hvernig vestfirsk tilbrigði komi fram í máli þeirra sem hafa mælst með hann eða búa á Vestfjörðum. Hins vegar hver skýringin sé á því að RÍN þátttakendur hafi dregið úr eða viðhaldið framburði sínum. Hér verður fyrri spurningunni svarað út frá niðurstöðum fyrri viðtalsins og þeirri seinni svarað með gögnum úr seinna viðtalinu.

Niðurstöður sem hér hafa verið raktar eru í samræmi við þau gögn sem hefur verið aflað í fyrri rannsóknum, t.d. RÍN og Björns Guðfinnssonar. Þær sýna að áherslan mælist minni en einhljóðaframburðurinn þó bæði mælist í um helmingi tilfella sem blandaður framburður, þ.e. hjá þeim þátttakendum sem er búsettur á Vestfjörðum. Þetta þarf þó að nálgast með þeim fyrirvara að lestraraðferðin er bundin ákveðnum göllum. Til að mynda getur verið að hér hafi ekki náð að nálgast eðlilegt mál þátttakenda en þetta getur meðal annars verið raunin fyrir áhersluna líkt og rætt hefur verið áður. Þrátt fyrir þetta þá kom fram hæsta mæligildið í áherslunni hjá einum þátttakanda, á mörkum þess að mælast sem hreinn framburður miðað við talnabil RÍN. Í töflu 2 voru niðurstöður fyrir einhljóðaframburðinn greindar eftir sérhljóði, en þetta var gert í þeim tilgangi að fá skýrari mynd af stöðu framburðarins. Í töflu 2 kemur fram að einhljóðaframburðurinn mældist sterkastur þegar /a/ fór á undan uppgómunarklasanum en næst kom /ö/. Lítið var

vart við einhljóðaframburðinn í sambandi við /e/ og /i/ við úrvinnslu gagna. Þetta er sama mynd af framburðinum og kom fram í niðurstöðum Björns Guðfinnssonar (1964). Við frekari greiningu á niðurstöðum kemur í ljós að það munar ekki miklu á mælingum á framburðinum á undan /a/ og /ö/. Aðallega er mun að greina hjá RÍN þátttakendum. Í máli þeirra virðist einhljóðaframburðurinn frekar koma fram með /ö/ en /a/. Ef miða á við þessar niðurstöður má gera ráð fyrir að almennt sé einhljóðaframburðurinn sterkastur í fyrrnefndum hljóðum en síðan sé misjafnt eftir því hvort málhafi sé enn búsettur á heimaslóðum eða ekki hvaða hljóð sé algengast, þó hafi ekki verið fundinn greinilegur munur hjá vestfirsku þátttakendum. Í þessu sambandi er vert að ræða ævibreytingu.

Í sambandi við ævibreytingu er eingöngu hægt að taka fyrir þátttakendurna í RÍN. Þeir höfðu báðir mælt með blandaðan framburð áður í RÍN. Nú hafa þeir báðir dregið úr framburði sínum og því hefur aðlögun átt sér stað að einhverju leyti en spurningunni er ósvarað hvort þetta hafi verið að meðvituðu ráði eða þróast á þennan hátt ómeðvitað. Samkvæmt niðurstöðum úr viðtölum þá hefur þessi aðlögun verið ómeðvitað eða eins og einn þátttakanda orðaði það „náttúruleg“. Annar lagði mikið upp úr því að hann vildi ekki stjórna því hvernig mál sitt þróaðist, þ.e. að viðhalda eða draga úr framburðinum meðvitað, heldur vildi hann að það myndi þróast hvernig sem það myndi gerast, án þess að grípa inn í. Upplifun þeirra var ekki neikvæð af því að vera með framburðinn heldur var hún fremur hlutlaus þar sem ekki virðist hafa verið sett út á framburðinn eða gerðar athugasemdir. Þátttakendurnir í þessari rannsókn virðast því hafa dregið úr staðbundnum framburðareinkennum sínum ómeðvitað sökum þess að þeir löguðu mál sitt að meirihlutamálinu sem talað er í umhverfi þeirra, fremur en að þeir hafi gert það á meðvitaðan hátt. Báðir töldu mál sitt ekki vera aðstæðubundið og því hafi aðlögunin breytt máli þeirra að einhverju leyti þó að framburðurinn sé að einhverju leyti enn til staðar. Hér er athyglisvert að þeir halda frekar /ö/ sem einhljóði á undan *-ng/-nk-* en /a/ en /a/ greinir mál þeirra einmitt frekar frá meirihlutaframburðinum.

5. Samantekt og lokaorð

Mállýska kemur fram í breytileika á málfari og getur tekið á sig ýmsar myndir. Meðal annars má finna mállýskumun í orðaforða og merkingu, framburði, beygingu og setningagerð. Ásamt því að geta tekið á sig margar myndir getur verið mismikið sem munar á milli mállýskna. Því koma þær á rófi þar sem mállýskumunurinn getur verið allt frá því að valda því að samskipti ganga erfiðlega í að þau gangi auðveldlega. Þar af leiðandi eru til staðbundin framburðartilbrigði, mállýskur, á Íslandi.

Íslenskt mál hefur tekið breytingum á síðustu áratugum líkt og fyrri rannsóknir hafa borið vitni um. Hvað framburðinn varðar eru þrjár meginrannsóknir: Rannsókn Björns Guðfinnssonar, Rannsókn á íslensku nútímamáli (RÍN) og Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð (RAUN). Rannsókn Björns Guðfinnssonar er mikilvæg heimild fyrir framburð um miðja síðustu öld og niðurstöður hans eru settar fram í tveimur bindum, *Mállýzkur I* og *II*. Björn hljóðkannaði framburð 90% barna á aldrinum 12 ára, um 6250 börn, með lestraraðferðinni. Einnig var stuðst við þá aðferð í framhaldsrannsóknunum RÍN og RAUN. Í RÍN var markmið Höskuldar Þráinssonar og Kristjáns Árnasonar að bera niðurstöður sínar saman við fyrri niðurstöður Björns en styðjast við fjölbreytilegri aðferðafræði á sama tíma. Því könnuðu þeir sömu þátttakendur og Björn ásamt hóp þátttakenda af sambærilegum aldri og í fleiri aldurshópa, í heildina voru þátttakendur þeirra um 2900 talsins. Einnig notuðu þeir í viðbót við lestraraðferðina óformlegt spjall og myndamöppu til þess að reyna að ná fram eðlilegu máli frá þátttakendum sínum. Við hlustun fengu þátttakendur 1 fyrir engan framburð og 2 fyrir framburð. Niðurstöðurnar voru því settar fram í sömu flokkum og hjá Birni með eftirfarandi talnabil til hliðsjónar: Enginn framburður 100-125, blandaður framburður 126-175 og hreinn framburður 176-200. Svipaðri aðferðafræði var beitt í RAUN.

Á Vestfjörðum er um að ræða tvö framburðartilbrigði. Annars vegar er vestfirskur einhljóðaframburður. Hann felst í því að sérhljóðin /a, e, ö/ eru borin fram sem einhljóð á undan klösunum *-ng/-nk-* í stað tvíhljóða eins og í meirihlutaframburði. Í viðbót við þessi sérhljóð kemur sérhljóðið /i/ fram sem [i] í þessu tilbrigði í staðinn fyrir [i]. Sá framburður er þó mun sjaldgæfari. Hins vegar er vestfirsk áhersla. Hún felst í því að áherslan er á forsetningunni í orðasamböndum af gerðinni atviksorð + forsetning + fornafn í staðinn fyrir á atviksorðinu líkt og í meirihlutaframburði. Með áherslunni fylgir langt sérhljóð og því hefur áherslan einnig áhrif á sérhljóðalengd; langt sérhljóð kemur

fram í einkvæðu forsetningunni í staðinn fyrir í atviksorðinu. Allt frá rannsókn Björns Guðfinnssonar hefur verið ljóst að vestfirsk framburðartilbrigði eru á undanhaldi. Þessu gerði Björn Guðfinnsson sér grein fyrir og á tíma RÍN voru þau á hröðu undanhaldi með fylgni við aldur. Því mældust tilbrigðin sterkari í máli eldri kynslóða en hjá þeim yngri.

Hvernig dregið hefur úr tilbrigðunum bæði með nýrri kynslóðum og í máli þátttakenda í gegnum tíðinna er dæmi um málbreytingu. Hugtakið má skilgreina á mismunandi hátt eftir því til hvaða sviðs er leitað. Hér er gengið út frá skilgreiningu málkunnáttufræðinnar. Samkvæmt henni er málbreyting einstaklingsbundin þróun sem á sér stað þegar breyting verður á málinu í huga málnotanda, þ.e. málkunnáttunni. Málbreytingar þurfa þó ekki vera þess eðlis að gera þurfi þeim skil. Heldur geta þær einnig verið í minna mæli þannig að lítil breyting verði á málkunnáttinnu eða á fyrri málbreytingu. Helst má greina slíka smábreytingu þegar málfarsleg atriði sækja á eða hörfa t.d. á lífsleið einstaklings.

Hvernig sem málbreyting er skilgreind þá getur hún komið fram á mismunandi hátt. Í tilviki þeirra framburðartilbrigða sem rannsökuð hafa verið af Birni Guðfinnssyni, RÍN og RAUN má lýsa málþróuninni sem málbreytingu í rauntíma og ævibreytingu. Báðar tegundir málbreytinga fela í sér þróun sem gengur þvert yfir málsamfélagið og er því óháð kynslóðamun. Málbreyting í rauntíma vísar til, líkt og nafnið gefur til kynna, breytingar á máli sem greina má með rannsóknum á sama eða sambærilegum hópi einstaklinga á a.m.k. tveimur mismunandi tímum. Ævibreyting aftur á móti vísar til breytingar sem verður á máli einstaklings sem hefur áhrif á málkunnáttu næstu kynslóðar. Slík breyting getur verið háð málfræðilegri formdeild en hljóðkerfið virðist vera fremur stöðugt, þó það geti tekið einhverjum breytingum á lífsleiðinni. Breyting á lífsleiðinni má telja að verði til vegna félagslegra þátta á borð við viðhorfs til máls eða hegðunar í samskiptum. Þá á hún sér stað í gegnum mállega aðlögun til dæmis með því að einstaklingur með minnihlutatilbrigði lagi mál sitt að meirihlutamálinu, meðvitað eða ómeðvitað. Í tilfalli vestfirsku framburðartilbrigðanna virðist þróunin vera ómeðvituð í máli þeirra einstaklinga sem hér voru til umfjöllunar.

Í þessari rannsókn var markmiðið að kanna stöðu vestfirsks einhljóðaframburðar og vestfirskrar áherslu. Þetta var gert með sjö þátttakendum með tiltölulega jöfnu kynjahlutfalli. Annars vegar voru fimm einstaklingar sem búa á Vestfjörðum sem höfundi var bent á að hefðu þessi tilbrigði. Hins vegar voru 2 þátttakendur sem höfðu mælst með

mállýskueinkennin í RÍN og hafa flutt til höfuðborgarsvæðisins. Könununin fór fram í tvennu lagi. Fyrst voru tekin viðtöl við alla þátttakendur þar sem framburður var kannaður með lestraraðferðinni, þátttakendur voru beðnir um að lesa upp textanna *Bjarni blaðasali* og *Moli litli*. Síðar var tekið annað viðtal við RÍN-þátttakendur. Í því voru þeir spurðir um viðhorf sitt og upplifun af minnihlutaframburðinum. Öll viðtöl voru tekin upp og við hlustun fengu þátttakendur 1 fyrir orð þar sem mállýskueinkenni kom ekki fram í og 2 ef þau komu fram í orði. Þátttakendur voru svo flokkaðir eftir sömu flokkum og hjá Birni Guðfinnssyni með talnabil RÍN til hliðsjónar.

Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til að tilbrigðin standi ekki sterk, hvorki á höfuðborgarsvæðinu né á Vestfjörðum. Hér hafa þó eingöngu verið kannaðir einstaklingar sem hafa áður mælst með einkennin eða einstaklingar sem höfundur fékk ábendingar um að væru með mállýskueinkenni. Því er lítið vitað um stöðuna að öðru leyti; t.a.m. veitir þessi rannsókn ekki upplýsingar um mál ungmenna á Vestfjörðum. Enginn þátttakandi mældist með hreinan einhljóðaframburð eða undantekningalaus vestfirsku áherslun. Þegar einhljóðaframburðurinn var greindur eftir hljóðasambandi mældist hann sterkastur í hljóðasamböndunum *-ang/-ank* og *-öng/-önk-*. Í tilviki RÍN-þátttakenda mældist /ö/ sterkar en ekki var mikill munur á máli vestfirsku þátttakenda. Greinilegt var að RÍN-þátttakendur hafa dregið úr framburðinum síðan þeir fluttu suður. Þátttakendur voru nokkuð samtaka í svörum sínum um að framburðurinn hafi ekki verið mikið til umræðu á uppvaxtarárunum og að hann sé ekki aðstæðubundinn. Báðir hafa þeir flutt á höfuðborgarsvæðið og lagað mál sitt að meirihlutamálinu. Þó hafa þeir ekki neikvæða upplifun af framburðinum og ekki fengið athugasemdir út á hann. Annar þátttakandinn, NÍ88, lagði áherslu á að hann hafi viljað að mál sitt þróaðist náttúrulega, s.s. án þess að reyna viðhalda eða draga úr mállýskueinkennum. Allt þetta bendir til þess að hér hafi átt sér stað ómeðvituð aðlögun.

Þakkir

Ritgerðina vann ég undir handleiðslu Ásgríms Angantýssonar. Honum vil ég þakka fyrir góða leiðsögn, allar leiðbeiningar og ábendingar. Einnig vil ég þakka Albertínu Friðjörgu Elíasdóttur og Finni Friðrikssyni fyrir að aðstoða mig við að finna þátttakendur fyrir rannsókn mína. Að lokum vil ég þakka öllum þátttakendum rannsóknarinnar og öllum öðrum sem komu að henni.

Heimildaskrá

- Bergljót Baldursdóttir og Ásgrímur Angantýsson. (2012, 15. janúar). *Þetta þótti bara ljótt og leiðinlegt. Flámæli á Íslandi* [útvarpsþáttur]. Ríkisútvarpið. <https://www.ruv.is/utvarp/spila/thetta-thotti-bara-ljott-og-leidinlegt/13847>
- Björn Guðfinnsson. (1946). *Mállýzkur I*. Ísoldarprentsmiðja.
- Björn Guðfinnsson. (1964). *Mállýzkur II*. Heimspekideild Háskóla Íslands. [Ólafur M. Ólafsson og Óskar Ó. Halldórsson unnu úr gögnum höfundar og bjuggu til prentunar].
- Björn Guðfinnsson. (1981). *Breytingar á framburði og stafsetningu*. Iðunn.
- Dahlstedt, Karl Hampus og Bjarni Guðnason. (1958). Íslensk mállýzkulandafræði. *Skírnir*, 132(1), 29-63.
- Dehé, Nicole. (2009). An intonational grammar for Icelandic. *Nordic Journal of Linguistics*, 32(1), 5-34.
- Dehé, Nicole; Braun, Bettina og Wochner, Daniela. (2018). The prosody of rhetorical vs. information-seeking questions in Icelandic. *Proc. 9th International Conference on Speech Prosody 2018*, 403-407.
- Eckert, Penelope. (1989). The whole woman: Sex and gender differences in variation. *Language Variation and Change*, 1(3), 245-267.
- Guðvarður Már Gunnlaugsson. (1984). Tölfræðileg málvísindi (eða málfræðileg tölvísindi). *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 6(1), 177-181.
- Guðvarður Már Gunnlaugsson. (1987). Íslenskar mállýskurannsóknir. *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 9(1): 163-174.
- Helgi Guðmundsson. (1977). Um ytri aðstæður íslenskrar málpróunar. Í Einar G. Pétursson og Jónas Kristjánsson (ritstj.), *Sjöttú ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni 20. Júlí, 1. bindi 1977* (bls. 314-325). Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason. (1986). Um skagfirsku. *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 8(1), 31-62.
- Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason. (1992). Phonological Variation in 20th Century Icelandic. *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 14(1), 89-128.
- Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason. (2001). Mállýskur. *Alfræði íslenskrar tungu*. Íslenskt margmiðlunarefni fyrir heimili og skóla. Í Þórunn Blöndal og Heimir Pálsson (ritstj.). [Geisladiskur]. Námsgagnastofnun. [Þessa grein má einnig finna á slóðinni mallyskur.is].
- Höskuldur Þráinsson. (2011). Málbreytingar í sýndartíma og rauntíma. Málstofan Hvernig breytast tungumál? Hugvísindaping, Háskóli Íslands, 25. mars.
- Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson, Einar Freyr Sigurðsson, Sigrún Steingrímsdóttir og Þórhallur Eyþórsson. (2013). Efnissöfnun og aðferðafræði. Í Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.),

Tilbrigði í íslenskri setningagerð. I. Markmið, aðferðir og efniviður (bls. 19-68). Málvísindastofnun Háskóla Íslands.

- Höskuldur Þráinsson, Ásta Svavarsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. (2013). Hvert stefnir í íslenskri setningagerð? Um samtímalegar kannanir og málbreytingar. *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 35(1), 57-127.
- Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson. (2015). *Tilbrigði í íslenskri setningagerð II. Helstu niðurstöður. Tölfræðilegt yfirlit*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands
- Indriði Gíslason. (1981). Formáli fyrir 2. útgáfu. Í Björn Guðfinnsson, *Breytingar á framburði og stafsetningu* (bls. 5-10). Iðunn.
- Kristján Árnason. (1994-1995). Tilraun til greiningar á íslensku tónfalli. *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 16-17(1), 99-131.
- Kristján Árnason (2005). *Íslensk tunga 1, Hljóð: handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði*. Almenna bókafélagið.
- Kristján Árnason og Höskuldur Þráinsson. (2003). Fonologiske dialekttræk på Island. Generationer og geografiske områder. Í Gunnstein Akselberg, Anne Marit Bødal og Helge Sandøy (ritstj.), *Nordisk dialektologi* (bls. 151-196). Novus.
- Labov, William. (1963). The Social Motivation of a Sound Change. *WORD*, 19(3), 273-309.
- Labov, William. (1966/2006). The social stratification of (r) in New York City department stores. *The Social Stratification of English in New York City* (bls. 40-57). Cambridge University Press.
- Labov, William. (1990). The intersection of sex and social class in the course of linguistic change. *Language Variation and Change*, 2(2), 205-254.
- Lilja Björk Stefánsdóttir og Anton Karl Ingason. (2018). A High Definition Study of Syntactic Lifespan Change. *University of Pennsylvania Working Papers in Linguistics*, 24(1), grein nr. 20.
- Margrét Guðmundsdóttir. (2008). Málbreytingar í ljósi málkunnáttufræði. *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 30(1), 7-52.
- Margrét Lára Höskuldsdóttir. (2013). Breytingar á norðlenskum framburði 1940-2011 og áhrif búferlaflutninga. *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 35(1), 129-152.
- Rut Guðnadóttir. (2021). *Á forsendum fjölbreytninnar: Rannsókn á staðbundnum framburðareinkennum Skaftafellssýslu og viðhorfum til þeirra* [skýrsla].
- Sankoff, Gillian. (2005). Cross-Sectional and Longitudinal Studies. Í Ulrich Ammon, Norbert Dittmar, Klaus J. Mattheier og Peter Trudgill (ritstj.), *Sociolinguistics: An International Handbook of Science of Language and Society* (bls. 1003-1013). De Gruyter.
- Sankoff, Gillian og Blondeau, Hélène. (2007). Language change across the lifespan: /r/ in Montreal French. *Language*, 83(3), 560-588.

Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. (2018). Íslenska á tölvuöld. Í Höskuldur Þráinsson og Hans Andrias Sølvará (ritstj.), *Frændafundur 9: Fyrirlestrar frá íslensk-færeyskri ráðstefnu í Reykjavík 26.-28. ágúst 2016* (bls. 47-56). Hugvísindastofnun.

Stefán Einarsson. (1932). Um mál á Fljótdalshéraði og Austfjörðum 1930. *Skírnir*, 106(1), 33-54.

Viðauki I: Textar til upplestrar

Bjarni blaðasali

Það var miðvikudagsmorgunn og Bjarni litli Guðmundsson var að selja blöð niðri í miðbæ. Þetta var að haustlagi, þokukúfur á Esjunni, hvassviðri og nepja. Ásmundur vinur Bjarna hafði ekki orðið samferða honum eins og venjulega vegna þess að hann hafði flogið af hjólinu sínu hjá undirgöngunum við Lönguhlíð, lent illa á götunni, rifið buxurnar sínar og meitt sig eitthvað. Bílarnir hægðu samt ekkert á sér. Bjarni ber út Morgunblaðið og Víkurfréttir en Ásmundur ber út Fréttablaðið og DV. Strákarnir selja oft afganginn niðri í Bankastræti og Austurstræti þegar þeir eru búnir að selja hin blöðin.

„Íslendingar hefna sín á Englendingum og Tékkum í landsleikjum í knattspyrnu,“ æpti Bjarni. „Viltu kaupa Morgunblaðið eða Víkurfréttir?“ sagði hann við Jón Axel, efnisvörð í prentsmiðjunni, sem gekk fyrir hornið. En Jón Axel er ómögulegur og vill hvorugt blaðið kaupa. „Unglingalandsliðið komið í aðra umferð í heimsmeistarakeppninni,“ orgar Bjarni þá og hækkar róminn svo að fólk hrekkur við og virðulegur borgari með stressstösku öskrar: „Hvaða hrikalegu læti eru þetta?“ Bjarni var fljótur að forða sér og hljóp inn í skotið bakvið apótekið. Þarna stóð hann titrandi dálitla stund, hugsaði sig um og reyndi að jafna sig eftir skelkinn sem hann hafði fengið þegar kallinn tók upp á því að öskra á hann.

Moli litli

Margir þekkja sögurnar um Mola litla og Jóa vin hans. Moli er lítill flugustrákur en Jói er stór og þungur járnsmiður. Helsti óvinur þeirra er Köngull kónguló. Hann er mesti bragðarefur og ekki sérlega búngóður. Einu sinni gátu þeir félagar þó leikið á hann. Þeir grófu holu, lögðu puntstrá yfir og settu svo eitthvert drasl ofan á þau svo að enginn gat séð að þarna væri hola. Það var líka ekki langur tími liðinn þegar Köngull datt niður í hana og varð svo reiður að hann náði ekki upp í nefið á sér (ég veit nú reyndar ekki hvort kóngulær ná nokkurn tíma upp í það).

Ég þekki engan sem hefur reynt að lesa einhverja langsóttu speki út úr þessum sögum, en með því að skyggjast dýpra ofan í þær væri kannski hægt að lesa eitthvað út úr þeim. Hefðu þær verið skrifaðar fyrr hefðu einhverjir fræðingar kannski sagt að Moli ætti að vera persónugervingur Íslendinga, Köngull Þjóðverja og Jói Englendinga. Aðrir kynnu að vilja leita fanga annars staðar og stinga upp á skörungum á borð við Nixon,

Stalín eða þá einhverjum af þessum kínversku körlum með skrýtnu nöfnin eins og Húa Kúó Feng, Deng Ping eða hvað þeir heita nú allir. Og þegar fræðingarnir taka upp á þessu eru engar líkur til að þeir verði hafðir ofan af því. Mig langar að minnsta kosti ekki til að þræta við þá. Ég er ekki vongóður um að það bæri árangur. Það getur nefnilega verið þrautin þyngri að fá þá til að hlusta. Þeir eru sumir hverjir ekkert upp á það komnir og láta sko ekki vaða ofan í sig.

Viðauki II: Viðtalsrammi

1. Miðað við búsetusöguna sem við fórum yfir hefurðu átt heima í X mörg ár á stað A og Y mörg ár á stað B. Bjóstu fyrir vestan alla barnæskuna?
2. Manstu til þess að hafa velt fyrir þér framburði fólks þegar þú varst yngri? Var eitthvað talað um atriði af þessu tagi á æskuheimilinu eða í umhverfinu?
3. Hefurðu velt fyrir þér hvort framburður þinn hafi breyst, t.d. eftir að þú fluttir hingað á höfuðborgarsvæðið?
4. Dettur þér eitthvað ákveðið í hug?

a) Ef málhafi hefur haldið í framburðinn:

- 1.1. Nú virðist þú hafa viðhaldið vestfirska framburðinum býsna vel þótt þú hafi búið lengi fyrir sunnan (taka dæmi jafnvel til stuðnings). Var það að einhverju leyti meðvituð ákvörðun eða hefurðu kannski lítið sem ekkert velt því fyrir þér?
- 1.2. Var það meðvituð ákvörðun hjá þér að halda í þessi framburðareinkenni eða gerðist það kannski meira af sjálfu sér?
- 1.3. Ef já: Eru einhverjar sérstakar ástæður fyrir því að þú ákvaðst að viðhalda framburðinum?
- 1.4. Ertu stolt(ur) af framburðinum?
- 1.5. Hvernig upplifir þú eigin framburð miðað við almennan framburð eins og t.d. í Reykjavík?

b) Ef málhafi hefur dregið úr framburðinum eða lagt hann af:

- 1.1. Miðað við upplesturinn er ekkert sérstaklega áberandi að þú sért að vestan, svona í fljótu bragði. Hefurðu reynt á meðvitaðan hátt að bæla niður þessi einkenni eða hvað telur þú að hafi orðið til þess að þessi framburðareinkenni hafi minnkað hjér þér?

- 1.2. Manstu eftir að hafa fengið athugasemdir um framburð þinn, t.d. á vinnustað eða í vinarhópum hér fyrir sunnan?
- 1.3. Hvernig upplifir þú eigin minnihlutaframburð miðað við almennan meirihlutaframburð?
- 1.4. Getur verið að þetta sé að einhverju leyti aðstæðubundið, t.d. þannig að einkenni vestfirska framburðarins komi frekar fram þegar þú ferð á þær slóðir?
- 1.5. Hvað með aðra brottflutta? Eru einhverjir fleiri úr fjölskyldu þinni, t.d. systkini, sem hafa líka flutt suður? Hefurðu velt fyrir þér hvernig þetta er hjá þeim?